



# Skaftárhreppur

## Efnisyfirlit

Ávarp oddvita	3
Starfsemin á árinu	4
Yfirlit um skiptingu rekstrartekna og –gjalda 2001	8
Yfirlit um skiptingu heildartekna og –gjalda 2001	9
Nokkrar lykiltölur	10
Fjárhagsáætlun 2002	12
Ársreikningur 2001	14
Áritanir	14
Fjármagnsyfirlit	15
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit	16
Efnahagsreikningur	18
Raunbreyting á peningalegri stöðu	19
Lykiltölur	20
Skýringar	21
Nefndir, ráð og stjórnir	28
Starfsmenn Skaftárhrepps	30

Skaftárhreppur  
Árskýrsla 2001  
Umsjón: KPMG – Selfossi  
Ljósritun: Prentsmiðja Suðurlands

## ÁVARP ODDVITA

---

*Ágætu íbúar Skaftárhrepps!*

Eftirfarandi er ársskýrsla Skaftárhrepps fyrir árið 2001, sem innifelur ársreikning sveitarfélagsins auk þess að gerð er grein fyrir því helsta í starfseminni á árinu. Fram koma lykiltölur úr fyrri ársreikningum og gerð grein fyrir helstu framtíðaráformum eins og þau birtast í fyrirbyggjandi 3ja ára áætlun.

Undanfarin ár hefur sveitarstjórn gætt aðhalds í rekstri og haldið að sér höndum í fjárfestingum til að skapa forsendur fyrir þeim fjárfestingum sem hafnar eru, og fyrirhugaðar á næstu árum. Ljóst er að þessi stefna hefur náð tilætluðum árangri því þriðja árið í röð hefur tekist að lækka hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum og er það hlutfall nú 75%, sem telst mjög gott. Lausafjárstaða sveitarsjóðs í árslok 2001 var góð og einfaldar það átakið.

Helstu fjárfestingar árið 2001 voru umtalsverð viðhaldsverkefni á húsnaði Kirkjubæjarskóla, framkvæmdir við vallahús hjá Kleifum svo og ýmis konar viðhald mannvirkja, sem verður sívaxandi liður með ári hverju.

Af öðrum verkefnum liðins árs má nefna að áfram var haldið vinnu við átaksverkefni í atvinnu- og byggðaþróun í samstarfi við Mýrdalshrepp og Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands. Vinnu við gerð aðalskipulags fyrir allt sveitarfélagið var fram haldið og er fyrirhugað að ljúka því verkefni árið 2002.

Síðast en ekki síst var hafist handa við byggingu íþróttahúss og kyndistöðvar með því að skipta um jarðveg undir væntanleg mannvirki. Þegar þetta er skrifað er hafin uppbygging fyrsta áfanga framkvæmdarinnar, en stefnt er á að ljúka byggingu kyndistöðvarinnar og a.m.k. sökklum og gólfplötu fyrir sjálft íþróttahúsið á árinu 2002. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur samþykkt áframhaldandi framlag til verksins og gert er ráð fyrir verklokum við íþróttahúsið á árunum 2003-2004.

Framkvæmdasjóður aldraðra veitti 12 milljón króna framlag til hönnunar lokaáfanga Klausturhóla og er sú vinna á lokastigi þegar þetta er ritað. Sveitarstjórn sótti aftur um framlag til sjóðsins fyrir árið 2002 til að hefja framkvæmdir. Fyrir liggur að sjóðurinn hefur samþykkt 15 milljón króna framlag til verksins á árinu 2002. Jafnframt liggur fyrir samþykki Velunnarasjóðs um stuðning við uppbyggingarverkefnið. Unnið er að undirbúningi formlegs samnings við ríkið um framkvæmdina, en slíkur samningur er forsenda framlaga af fjárlögum. Gangi það eftir er stefnt á upphaf framkvæmda seinni hluta árs 2002 eða á árinu 2003 og verklok árið 2005.

Á meðan ofangreindar framkvæmdir ganga yfir verður sveitarfélagið að halda að sér höndum í annarri fjárfestingu og gæta áfram fyllsta aðhalds í rekstri, því rekstrarafkoma mun óhjákvæmilega hafa áhrif á framkvæmdahraða. Verkefnin eru stóráttak á okkar mælikvarða, en mjög brýn, enda er sókn besta vörninn. Þau eru liður í því að gera sveitarfélagið samkeppnisfært og áhugavert til búsetu fyrir fólk með nútímakröfur. Núverandi sveitarstjórn er einhuga um þessi áform og vonandi verður sú næsta það líka.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skaftárhrepps færi ég öllu starfsfólki og fulltrúum í stjórnnum og nefndum bestu þakkir fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Sveitarstjórn þakkar íbúum samstarfið á árinu og hvetur til jákvæðni og bjartsýni í hvívetna.

Kirkjubæjarklaustri í mars 2002.

*Árni Jón Elíasson oddviti.*

## STARFSEMIN Á ÁRINU

---

### **Yfirstjórn**

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hélt 14 bókaða fundi á árinu 2001. Að venju voru mörg og fjölbreytt mál til umfjöllunar á fundum sveitarstjórnar. Á fundum sveitarstjórna er fjallað um mál sem snúa að rekstri sveitarfélagsins og þeim verkefnum sem sveitarfélaginu er skylt að sinna samkvæmt lögum og reglugerðum. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarfélög vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma og löggin heimila sveitarfélögum jafnframt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Verkefni sveitarfélaga hafa á síðustu árum orðið sífellt yfirgripsmeiri og flóknari og því hafa ábyrgð og skyldur sveitarstjórnarmanna aukist mjög hin síðari ár. Sveitarstjórnarmenn verða því að leggja á sig aukna vinnu til þess að sinna þessu vandasama verkefni, sem í flestum tilvikum er innt af hendi í frítíma viðkomandi frá öðrum störfum.

Í sveitarstjórn Skaftárhrepps sitja þetta kjörtímabil:

- Árni Jón Elíasson
- Jóna Sigurbjartsdóttir
- Ólafía Jakobsdóttir
- Ragnar Jónsson
- Kjartan Magnússon
- Sveinbjörg Pálsdóttir
- Hörður Davíðsson

Á fundi sveitarstjórnar í júní 2001 var Árni Jón Elíasson endurkjörinn oddviti til eins árs eða út kjörtímabilið og Jóna Sigurbjartsdóttir varaoddviti til sama tíma. Ritari sveitarstjórnar var Ólafía Jakobsdóttir. Fundargerðir nefndarinnar voru færðar í tölvu, samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps var Ólafía Jakobsdóttir og starfsmenn á skrifstofu hreppsins voru Elín Pálsdóttir aðstoðarmaður sveitarstjóra og Þórunn Edda Sveinsdóttir skrifstofumaður frá 1 júlí 2001.

Fjárhagsbókhald sveitarsjóðs og stofnana var á árinu 2001 fært yfir í nýtt bókhaldskerfi, SFS2001 frá Tölvumiðlun hf. Undirbúningur að upptöku á nýju launakerfi, H-launum hófst í lok ársins og var kerfið tekið í notkun á fyrstu mánuðum ársins 2002.

Samkvæmt tillögu reikningsskila- og upplýsinganefndar hefur félagsmálaráðherra sett reglur um flokkun og greiningu í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga. Hér er um að ræða nánari reglur um flokkun fjárhagslegra upplýsinga hjá sveitarfélögum sem settar eru á grundvelli reglugerðar um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000.

Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við reglur þessar frá og með rekstrarárinu 2002 og við gerð fjárhagsáætlunar fyrir sama ár.

### **Félagspjónusta**

Félagsmálanefnd Skaftárhrepps, starfar samkvæmt lögum um félagspjónustu og fer auk þess með öldrunarmál. Nokkrum heimilum í sveitarfélaginu var veitt heimaþjónusta samkvæmt reglum sveitarfélagsins þar um.

Á árinu voru greiddar húsaleigubætur til 10 aðila. Eingöngu var um að ræða greiðslur til nemenda sem stunda framhaldsskólanám utan sveitarfélagsins og uppfylla skilyrði til bótaréttar. Ríkissjóður endurgreiddi sveitarfélögum 58% af kostnaði og sá Jöfnunarsjóður sveitarfélaga um endurgreiðslurnar. Félagsmálanefnd hafði sem fyrr umsjón með greiðslu húsaleigubótanna.

Starfsemi leikskólans Kærabæjar sem er 20 barna leikskóli, var með hefðbundnum hætti á árinu 2001. Frá og með árinu 2002 heyrir starfsemi leikskóla undir fræðslumál samkvæmt reglugerð um bókhald og ársreikning sveitarfélaga.

## Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál eru viðamesti málaflokkurinn sem sveitarfélagið annast. Til málaflokksins árið 2001 var varið um 53% af skatttekjum ársins, þar með er talið umtalsvert viðhald á skólahúsnæðinu.

Vigfús Helgason íþróttakennari lét af störfum við Kirkjubæjarskóla. Ekki tókst að ráða réttindakennara í allar stöður skólaárið 2001-2002 en ráðnir voru til starfa leiðbeinendur sem flestir eru með starfsreynslu eða stunda fjarnám við Kennaraháskóla Íslands. Nemendur voru 84 á skólaárinu 2001 – 2002, en voru 96 árið 2000-2001. Skipulag skólaaksturs var óbreytt á árinu.

Tónlistarskólinn: Edit Subicz frá Ungverjalandi hætti eftir vorönn sem stundakennari við Tónlistarskóla Skaftárhrepps en að öðru leyti var starfsemin í svipuðu formi.

Vinnuskólinn: Starfsemi vinnuskóla Skaftárhrepps var með líkum hætti og áður. Leiðbeinandi og verkstjóri var Helgi Hilmarsson. Nemendur voru óvenju fáir þetta árið eða aðeins 4-5 í senn. Aðalverkefni vinnuskólans var að venju sláttur og snyrting auk þátttöku í landgræðslustörfum á vegum Landgræðslu ríkisins.

## Meningarmál

Árlegir Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri voru haldnir í ágústmánuði 2001. Aðsókn að tónleikunum var með allra besta móti og er þessi tónlistarviðburður sannarlega búinn að vinna sér fastan sess í menningarlífínu. Menningarmálanefnd Skaftárhrepps hefur sem fyrr umsjón með tónleikahaldinu en Edda Erlendsdóttir er listrænn stjórnandi þeirra frá upphafi.

Héraðsbókasafnið: Starfsemi Héraðsbókasafnsins var hefðbundin á árinu. Héraðsbókasafnið er einnig skólasafn og veitir grunnskólanum nauðsynlega þjónustu.

Skaftárhreppur samþykkti að gerast hluthafi í fyrirhuguðu hlutafélagi um landskerfi bókasafna og leggja fram hlutafé að upphæð kr. 150 þúsund sem kemur til greiðslu á næsta ári.

## Íþrótt- og æskulýðsmál

Þann 1. október 2001 tóku nemendur leikskólans Kærabæjar fyrstu skóflustungu fyrir væntanlegu íþróttahúsi sem sambyggt verður kyndistöðvarhúsi sorpbrennslunnar á lóð Kirkjubæjarskóla. Í framhaldi af því hófust framkvæmdir við jarðvegsskipti á lóðinni sem lokið var fyrir vetrarkomu.

## Brunamál og almannavarnir

Í slökkviliði Skaftárhrepps eru auk slökkviliðsstjóra skráðir 15 menn. Slökkviliðsstjóri sinnir ýmsum forvarna- og öryggismálum á sviði brunavarna í sveitarfélaginu enda að mörgu að hyggja í þeim efnum. Engin mál komu upp sem varða almannavarnir í sveitarfélaginu og var starfsemin því í lágmarki.

## Hreinlætismál

Framkvæmdir hófust við byggingu nýrrar sorporkustöðvar með jarðvegsskiptum á lóð í októbermánuði. Áfram var unnið við undirbúning að kaupum á nýjum brennsluofni fyrir sorporkustöðina.

Fyrirkomulag sorpmála Skaftárhrepps var að öðru leyti óbreytt frá fyrra ári.

## Skipulags- og byggingarmál

Benedikt Lárusson byggingarfulltrúi sagði starfi sínu lausu frá og með áramótum 2001/2002. Guðlaug Erna Jónsdóttir arkitekt var ráðin skipulags- og byggingarfulltrúi Skaftárhrepps frá og með janúar 2002. Skrifstofa hennar er í húsnæði Kirkjubæjarstofu á Klausturvegi 2. Sveinn Pálsson verkfræðingur í Vík vann sem fyrr að verkfræðistörfum fyrir Skaftárhrepp. Byggingarnefnd Skaftárhrepps baðst lausnar frá störfum á árinu. Verkefni nefndarinnar voru falin skipulags- og umhverfisnefnd sem eftir breytinguna heitir skipulags- og byggingarnefnd og fer einnig með umhverfismál til loka kjörtímabils sveitarstjórnar.

Vinnu við gerð aðalskipulags í Skaftárhreppi miðaði vel áfram. Kynningarfundir fyrir íbúa voru haldnir og send var út spurningakönnun á öll lögbyli í sveitarfélaginu. Stefnt er að auglýsingu og gildistöku

aðalskipulagsins á árinu 2002. Ráðgjafi Skaftárhrepps í skipulagsmálum er Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt hjá Landmótun ehf.

**Atvinnumál,  
umhverfismál,  
mannlíf.**

Fjallskil: Fyrirkomulag fjallskila var óbreytt frá árinu 2000. Fjórar fjallskilaneindir eru starfandi í Skaftárhreppi, ein í hverri fjallskiladeild. Samkvæmt erindisbréfi sjá nefndirnar um álagningu fjallskila og framkvæmd á fjallsöfnum. Nefndirnar sjá einnig um að láta meta framvindu gróðurs með tilliti til upprekstrartíma á afrétti að vori og önnur verkefni samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Stefnumótunarverkefni, Staðardagskrá 21: Á vegum byggðapróunarverkefnis Vestur – Skaftafellssýslu, sem staðið hefur yfir frá október 1998, voru haldin fjölmenn íbúáþing í Vestur- Skaftafellssýslu dagana 5. og 6. mars 2001 undir yfirskriftinni “Sameinaðir stöndum vér sundraðir föllum vér”. Niðurstöður íbúáþinganna voru kynntar á sameiginlegum fundi í Félagsheimilinu Tunguseli þrem dögum síðar eða 8. mars. Fyrir þingin var unnið með börnum og unglíngum í Grunnskóla Mýrdalshrepps og Kirkjubæjarskóla. Einnig voru undirbúningsfundir með stofnunum í eigu sveitarfélaganna og félagasamtökum, ásamt sameiginlegum vinnudegi beggja hreppsnefnda. Alls tóku 259 íbúar sýslunnar þátt í vinnunni eða tæplega fjórðungur íbúanna. Á íbúáþingunum kom í ljós að íbúar sýslunnar bera hag byggðarlagsins mjög fyrir brjósti enda er hvert samfélag það fólk sem þar býr og hefur það sameiginlega yfir að ráða mikilli reynslu og vísu. Þegar taka þarf ákvarðanir sem varða heill samfélagsins til framtíðar er dýrmætt að geta leita í þennan sjóð og þannig fást oft bestu lausnirnar.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir ráðgjafi stjórnaði íbúáþingunum með aðstoð Sædísar Ívu Elíasdóttur starfsmanns byggðapróunarverkefnisins. Sérstök framkvæmdastjórn sá um stefnumótunarvinnuna. Í hana voru skipuð Ólafía Jakobsdóttir sveitarstjóri Skaftárhrepps og Hafsteinn Jóhannesson sveitarstjóri Mýrdalshrepps ásamt Sædís Ívu Elíasdóttur.

Í framhaldi af íbúáþingunum var mótuð framtíðarsýn í Skaftárhreppi. Ákveðið var að vinna áfram með þá málaflokka sem unnið var með á íbúáþingunum, þ.e. atvinnumál, umhverfismál og mannlíf enda taka þessir þrjú málaflokkar á öllum þeim þáttum er varða samfélagið. Stefnan hefur verið mótuð með hliðsjón af niðurstöðum íbúáþings í Skaftárhreppi þann 6. mars 2001 og þeim sjónarmiðum sem þar komu sterkust fram. Áherslur stefnunnar koma einnig fram í tillögu að aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002 – 2014.

Stefnumótun Skaftárhrepps er í aðalatriðum byggð á hugmyndafræði um sjálfbæra þróun en hún er skilgreind sem sú þróun sem eflir lífsgæði fólks án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Skaftárhreppur er þátttakandi í Staðardagskrá 21 ásamt rúmlega 30 öðrum sveitarfélögum á Íslandi. Gerð var úttekt á stöðu umhverfismála í sveitarfélaginu árið 1999 í tengslum við byggðapróunarverkefni V. Skaft. Allt frá því að Skaftárhreppur var stofnaður með sameiningu hreppanna fimm milli sanda árið 1990 hefur verið lögð rík áhersla á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar við athafnir og ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins, s.s. við mótun stefnu í ferðamálum, í verndun umhverfis og við mótun stefnu í sorpmálum. Skaftárhreppur hefur verið í fremstu röð í þessum málum á landsvísi og stefna Skaftárhrepps verið öðrum til eftirbreytni. Rétt er að geta þess að þegar þetta er ritað hefur sveitarstjórn samþykkt skýrsluna

“Framtíðarsýn í Skaftárhreppi - áætlun 2002-2005 - Staðardagskrá 21” á fundi þann 8. apríl 2002.

**Framtíð  
Skaftárhrepps**

Árið 2001 var fjárhagslega hagstætt í rekstri sveitarfélagsins eins og fram kemur í ársreikningi þess. Markmið fjárhagsáætlunar 2001 náðust að mestu fram hvað varðar aðhaldssemi í útgjöldum sveitarsjóðs, einnig jukust skatttekjur meira en áætlað hafði verið. Sveitarstjórn Skaftárhrepps skilar því góðu búi til sveitarstjórnar á nýju kjörtímabili, 2002-2006, til að standa undir þeim framkvæmdum sem gert hefur verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2002 og þriggja ára áætlun 2003-2005 og tíundaðar eru hér í upphafi, í ávarpi oddvita.

Þrátt fyrir góð áform um uppbyggingu í sveitarfélaginu og viðunandi fjárhagsstöðu þess er þó rík ástæða til að íhuga vel hvaða skref verði tekin við áframhaldandi uppbyggingu atvinnu í Skaftárhreppi. Einnig er fækkun íbúanna mikið áhyggjuefni, en þar er um að ræða þróun sem ekki gætir einungis í dreifðum byggðum á Íslandi, heldur er það alþjóðlegt vandamál að fólk velur að flytja til þéttbýlli svæða þar sem menntun og atvinnutækifæri eru fjölbreyttari.

Helstu vaxtarbroddar í atvinnumálum sveitarfélagsins eru sem fyrr uppbygging í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu. Þau sóknarfæri sem þar eru að finna þarf að nýta með hagsmuni íbúanna í fyrirrúmi.


Hrein og ósnortin náttúra Skaftárhrepps ásamt þeim mannaúði sem hér er að finna er ótvírætt sú auðlind sem best getur skapað farveg til áframhaldandi uppbyggingar í sveitarfélaginu ef rétt verður á málum haldið og horft til framtíðar.

Þegar þetta er ritað er liðið að lokum kjörtímabils fráfarandi sveitarstjórnar.

Undirrituð, fráfarandi sveitarstjóri Skaftárhrepps, vil hér með færa öllum íbúum Skaftárhrepps bestu þakkir fyrir mjög gott og lærdómsríkt samstarf á síðasta kjörtímabili og einnig á öðrum vettvangi sveitarstjórnarmála, allt frá stofnun Skaftárhrepps árið 1990.

Ólafía Jakobsdóttir

### ÍBÚAÞRÓUN SÍÐUSTU ÁRA



## YFIRLIT UM SKIPTINGU REKSTRARTEKNA OG -GJALDA 2001

	Gjöld	%	Tekjur	%
<b>SKATTTEKJUR:</b>				
Útsvör .....			69.799.005	49,14%
Fasteignaskattar .....			10.268.381	7,23%
Jöfnunarsjóður .....			61.965.149	43,63%
			<u>142.032.535</u>	<u>100,00%</u>
<b>MÁLAFLOKKAR:</b>				
Yfirstjórn sveitarfélagsins .....	15.567.806	10,96%		
Félagsþjónusta .....	10.068.096	7,09%		
Heilbrigðismál .....	545.479	0,38%		
Fræðslumál .....	62.874.511	44,27%		
Menningarmál .....	2.471.045	1,74%		
Æskulýðs- og íþróttamál .....	2.591.372	1,82%		
Brunamál og almannavarnir .....	212.637	0,15%		
Hreinlætismál .....	3.014.102	2,12%		
Skipulags- og byggingarmál .....	1.627.901	1,15%		
Götur, holræsi og umferðarmál .....	594.214	0,42%		
Almenningsgarðar og útivist .....	804.707	0,57%		
Atvinnumál .....	4.074.202	2,87%		
Önnur mál .....	761.218	0,54%		
Rekstur fasteigna .....	915.450	0,64%		
Áhaldahús .....	31.622	0,02%		
Félagslegar íbúðir .....	(570.557)	-0,40%		
	<u>105.583.805</u>	<u>74,34%</u>	<u>142.032.535</u>	<u>100,00%</u>
<b>FJÁRMAGNSLIÐIR:</b>				
Vextir samkvæmt fjármagnsyfirliti .....	2.066.214	1,45%		
Áfallnar verðbætur .....	6.229.443	4,39%		
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga .....	(3.425.720)	-2,41%		
	<u>110.453.742</u>	<u>77,77%</u>	<u>142.032.535</u>	<u>100,00%</u>
MISMUNUR TEKNA OG GJALDA ....	<u>31.578.793</u>	<u>22,23%</u>	<u>142.032.535</u>	<u>100,00%</u>



## YFIRLIT UM SKIPTINGU HEILDARTEKNA OG – GJALDA 2001


(REKSTUR, GJALDFÆRÐ FJÁRFESTING OG EIGNFÆRÐ FJÁRFESTING, NETTÓ)

	Gjöld	%	Tekjur	%
<b>SKATTTEKJUR:</b>				
Útsvör.....			69.799.005	49,14%
Fasteignaskattar.....			10.268.381	7,23%
Jöfnunarsjóður.....			61.965.149	43,63%
			142.032.535	100,00%
<b>MÁLAFLOKKAR:</b>				
Yfirstjórn sveitarfélagsins.....	16.146.350	11,37%		
Félagsþjónusta.....	11.214.289	7,90%		
Heilbrigðismál.....	761.613	0,54%		
Fræðslumál.....	75.663.775	53,27%		
Menningarmál.....	3.538.113	2,49%		
Æskulýðs- og íþróttamál.....	8.051.706	5,67%		
Brunamál og almannavarnir.....	788.412	0,56%		
Hreinlætismál.....	4.327.980	3,05%		
Skipulags- og byggingarmál.....	3.761.969	2,65%		
Götur, holræsi og umferðarmál.....	834.263	0,59%		
Almenningsgarðar og útivist.....	829.398	0,58%		
Atvinnumál.....	5.080.725	3,58%		
Önnur mál.....	761.218	0,54%		
Rekstur fasteigna.....	1.717.480	1,21%		
Áhaldahús.....	31.622	0,02%		
Félagslegar íbúðir.....	(570.557)	-0,40%		
	132.938.356	93,60%	142.032.535	100,00%
<b>FJÁRMAGNSLIÐIR:</b>				
Vextir samkvæmt fjármagnsyfirliti.....	2.066.214	1,45%		
Áfallnar verðbætur.....	6.229.443	4,39%		
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga.....	(3.425.720)	-2,41%		
	137.808.293	97,03%	142.032.535	100,00%
GREIÐSLUJÖFNUÐUR.....	14.127.854	9,95%		
LÁNA- OG EIGNAHREYFINGAR, NETTÓ.....	(9.903.612)	-6,97%		
	142.032.535	100,00%	142.032.535	100,00%


## NOKKRAR LYKILTÖLUR

---


### Skuldir í hlutfalli af skatttekjum




### Peningaleg staða í hlutfalli af skatttekjum




### Rekstur mála-flokka án vaxta í hlutfalli af skatttekjum




**Skuldir í þús. kr. á hvern íbúa á árslokaverðlagi 2001**



**Peningaleg staða í þús. kr. á hvern íbúa á árslokaverðlagi 2001**



**Skatttekjur í þús. kr. á hvern íbúa á árslokaverðlagi 2001**



## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2002

Fjárhagsáætlun ársins 2002 var samþykkt á fundum hreppsnefndar 28. desember 2001 og 4. febrúar 2002.

Samkvæmt fjárhagsáætlun aðalsjóðs Skaftárhrepps fyrir árið 2002 eru áætlaðar skatttekjur 146,7 millj. kr. Rekstur málaflokka er áætlaður 117,8 millj. kr. Gjaldfærð fjárfesting er áætluð 14,3 millj. kr. Eignfærð fjárfesting er áætluð 51,4 millj. kr. Ný langtímalán eru áætluð 25,0 millj. kr. Í eignfærðri fjárfestingu er áætlaðar 3,0 millj. í Dvalarheimilið Klausturhóla, 25,0 millj.kr. í íþróttahús og 23,0 millj. kr. í sorpokustöð.

### ÁÆTLAÐ FJÁRMAGNSYFIRLIT 2002 Í ÞÚS. KR.

<b>SKATTTEKJUR</b> .....	<u>146.700</u>
<b>REKSTUR MÁLAFLOKKA:</b>	
Almenn rekstrargjöld .....	160.341
Tekjur málaflokka .....	( 42.553 )
	<u>117.788</u>
Skatttekjur að frádregnum rekstri málaflokka	28.912
<b>VEXTIR AF HREINU VELTUFÉ:</b>	
Vextir af veltufjármunum .....	886
Vextir af skammtímaskuldum .....	( 262 )
Skatttekjur að frádregnum rekstri málaflokka og vöxtum af hreinu veltufé	<u>29.536</u>
<b>GREIÐSLUBYRÐI LÁNA:</b>	
Afborgun langtímalána .....	7.040
Vextir af langtímalánum .....	3.247
Afborgun af verðbréfacign .....	( 109 )
Greiðslubyrði lána nettó	<u>10.178</u>
Óráðstafað eftir greiðslur vegna lána	<u>19.358</u>
<b>FJÁRFESTING:</b>	
Gjaldfærð fjárfesting, nettó.....	14.302
Eignfærð fjárfesting, nettó .....	<u>51.378</u>
Fjárfesting samtals	<u>65.680</u>
Ráðstafað umfram tekjur ársins	( 46.322 )
<b>AÐRIR LIÐIR:</b>	
Tekin langtímalán.....	25.000
Breyting á næsta árs afborgun langtímalána .....	1.983
Breyting á næsta árs afborgun langtímakrafna .....	( 109 )
Lífeyrisskuldbindingar, breyting .....	54
Félagslegar íbúðir breyting.....	( 177 )
	<u>26.751</u>
<b>LÆKKUN Á HREINU VELTUFÉ</b> .....	<u>( 19.571 )</u>
<b>BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:</b>	
Hreint veltufé í árslok .....	18.996
Hreint veltufé í ársbyrjun .....	<u>38.567</u>
Breyting á árinu .....	( 19.571 )

ÁÆTLAÐ REKSTRAR OG FRAMKVÆMDAYFIRLIT 2002 Í ÞÚS. KR.

	Rekstur		Gjaldfærð fjárfesting		Eignfærð fjárfesting		Samtals	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
<b>Skatttekjur</b>								
Útsvar .....		75.500						75.500
Fasteignaskattur .....		13.500						13.500
Jöfnunarsjóður .....		57.700						57.700
Samtals skatttekjur		146.700						146.700
<b>Rekstur málaflokka</b>								
Yfirstjórn .....	17.227	1.346	500	0			17.727	1.346
Félagþjónusta .....	15.508	3.839	950	3.000	3.000		19.458	6.839
Heilbrigðismál .....	435	0	0	0			435	0
Fræðslumál .....	86.398	18.335	3.440	0			89.838	18.335
Menningarmál .....	4.620	1.500	1.100	0			5.720	1.500
Æskulýðs og íþóttamál .....	2.503	300	2.200	10.300	25.000		29.703	10.600
Brunamál og almannavarnir .....	1.476	1.050	800	0	0		2.276	1.050
Hreinlætismál .....	7.264	4.662	16.050	5.000	23.000		46.314	9.662
Skipulags og byggingarmál .....	5.256	1.850	2.600	1.300			7.856	3.150
Götur og holræsi .....	1.573	680	2.000	400			3.573	1.080
Almenningsgarðar og útivist .....	1.213	0	0	0			1.213	0
Atvinnumál .....	10.375	5.314	362	0	378		11.115	5.314
Önnur mál .....	1.809	0	1.500	750			3.309	750
Rekstur fasteigna .....	3.484	2.477	3.050	0			6.534	2.477
Áhaldahús .....	1.200	1.200	500	0			1.700	1.200
Samtals rekstur málaflokka	160.341	42.553	35.052	20.750	51.378	0	246.771	63.303
<b>Fjármagnsliðir</b>								
Vextir .....	2.623						2.623	
Raunvextir samtals	2.623						2.623	
<b>Samtals .....</b>	162.964	189.253	35.052	20.750	51.378	0	249.394	210.003
<b>Mismunur .....</b>	26.289			14.302		51.378		39.391
	189.253	189.253	35.052	35.052	51.378	51.378	249.394	249.394

## ÁRSREIKNINGUR 2001

---

### ÁRITUN SVEITARSTJÓRNAR OG SVEITARSTJÓRA

Sveitarstjórn Skaftárhrepps og sveitarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Kirkjubæjarklaustri, í mars 2002.

Sveitarstjórn:

*Arni Jón Elíasson*  
*Jóna Sigurbjartsdóttir*  
*Sveinbjörg Pálsdóttir*  
*Ragnar Jónsson*  
*Kjartan Magnússon*  
*Hilmar Gunnarsson*  
*Ólafía Jakobsdóttir*

Sveitarstjóri:

*Ólafía Jakobsdóttir*

### ÁRITUN ENDURSKOÐENDA OG SKOÐUNARMANNA

Til sveitarstjórnar  
Skaftárhrepps.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarsjóðs Skaftárhrepps fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma fjármagnsyfirlit, rekstrar- og framkvæmdayfirlit, efnahagsreikning, yfirlit um raunbreytingu á peningalegri stöðu, lykiltölur og skýringar nr. 1 - 26. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins á árinu 2001, efnahag þess 31. desember 2001 og raunbreytingu á peningalegri stöðu á árinu 2001 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Selfossi, 22. febrúar 2002.

*Einar Sveinbjörnsson*

**KPMG Endurskoðun hf.**

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn sveitarsjóðs Skaftárhrepps, höfum yfirfarið ársreikning sveitarsjóðsins fyrir árið 2001. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Kirkjubæjarklaustri, í febrúar 2002.

*Ólafía Davíðsdóttir*   *Páll Eggertsson*

## FJÁRMAGNSYFIRLIT ÁRSINS 2001

	Skýr.	Sveitar- sjóður	Félagslegar íbúðir	Samtals	Fjárhags- áætlun
<b>SKATTTEKJUR</b> .....		142.032.535	0	142.032.535	135.347.000
<b>REKSTUR MÁLAFLOKKA:</b>					
Almenn rekstrargjöld .....		145.587.194	349.546	145.936.740	147.950.000
Tekjur málaflokka .....		( 39.432.832 )	( 920.103 )	( 40.352.935 )	( 40.064.000 )
		<u>106.154.362</u>	<u>( 570.557 )</u>	<u>105.583.805</u>	<u>107.886.000</u>
Skatttekjur og rekstrartekjur að frádregnum rekstri málaflokka		35.878.173	570.557	36.448.730	27.461.000
<b>VEXTIR AF HREINU VELTUFÉ:</b>					
Vextir af veltufjármunum .....	25	2.183.822	0	2.183.822	756.000
Vextir af skammtímaskuldum .....	25	( 344.787 )	0	( 344.787 )	( 750.000 )
Tekjur að frádregnum rekstri og vöxtum af hreinu veltufé		<u>37.717.208</u>	<u>570.557</u>	<u>38.287.765</u>	<u>27.467.000</u>
<b>GREIÐSLUBYRÐI LÁNA:</b>					
Afborganir langtímaskulda .....		5.779.967	405.810	6.185.777	5.745.000
Vextir af langtímaskuldum .....	25	3.732.087	202.520	3.934.607	3.452.000
Afborganir langtímakrafna .....		( 26.244 )	0	( 26.244 )	( 136.000 )
Greiðslubyrði lána nettó		<u>9.485.810</u>	<u>608.330</u>	<u>10.094.140</u>	<u>9.061.000</u>
Óráðstafaðar tekjur (ráðstafað umfram tekjur) eftir greiðslur vegna lána		<u>28.231.398</u>	<u>( 37.773 )</u>	<u>28.193.625</u>	<u>18.406.000</u>
<b>FJÁRFESTING:</b>					
Gjaldfærð fjárfesting, nettó .....	22	23.803.694	0	23.803.694	25.541.000
Eignfærð fjárfesting, nettó .....	11	3.550.857	0	3.550.857	4.378.000
Fjárfesting samtals		<u>27.354.551</u>	<u>0</u>	<u>27.354.551</u>	<u>29.919.000</u>
Óráðstafaðar tekjur (ráðstöfun umfram tekjur ársins)		<u>876.847</u>	<u>( 37.773 )</u>	<u>839.074</u>	<u>( 11.513.000 )</u>
<b>AÐRIR LIÐIR:</b>					
Tekin langtímalán.....		15.000.000	0	15.000.000	15.000.000
Breyting á næsta árs afborgun langtímaskulda .....		( 1.683.828 )	( 87.690 )	( 1.771.518 )	249.000
Breyting á næsta árs afborgun langtímakrafna .....		( 26.244 )	0	( 26.244 )	( 136.000 )
Tekjur af áhættufjármunum.....	25	29.358	0	29.358	0
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	21	57.184	0	57.184	52.000
Félagslegar íbúðir, breyting .....		4.074.360	( 4.074.360 )	0	0
Samtals		<u>17.450.830</u>	<u>( 4.162.050 )</u>	<u>13.288.780</u>	<u>15.165.000</u>
<b>HÆKKUN (LÆKKUN), Á HREINU VELTUFÉ .</b>		<u>18.327.677</u>	<u>( 4.199.823 )</u>	<u>14.127.854</u>	<u>3.652.000</u>
<b>BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:</b>					
Hreint veltufé í árslok .....		38.566.605	( 509.536 )	38.057.069	27.581.215
Hreint veltufé í ársbyrjun .....		20.238.928	3.690.287	23.929.215	23.929.215
Breyting á árinu		<u>18.327.677</u>	<u>( 4.199.823 )</u>	<u>14.127.854</u>	<u>3.652.000</u>

## REKSTRAR- OG FRAMKVÆMDAYFIRLIT ÁRSINS 2001

	Skýr.	REKSTUR		GJALDFÆRÐ FJÁRFESTING	
		Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
<b>SKATTTEKJUR:</b>					
Útsvör.....			69.799.005		
Fasteignaskattar.....			10.268.381		
Jöfnunarsjóður.....			61.965.149		
Samtals			142.032.535		
<b>MÁLAFLOKKAR:</b>					
Yfirstjórn sveitarfélagsins.....		16.624.391	1.056.585	578.544	
Félagsþjónusta.....		13.786.697	3.718.601	1.146.193	
Heilbrigðismál.....		545.479		216.134	
Fræðslumál.....		81.565.847	18.691.336	12.789.264	
Menningarmál.....		3.885.182	1.414.137	1.067.068	
Æskulýðs- og íþróttamál.....		2.791.372	200.000	4.930.334	1.643.000
Brunamál og almannavarnir.....		1.300.892	1.088.255	575.775	
Hreinlætismál.....		6.214.703	3.200.601	313.878	
Skipulags- og byggingamál.....		2.273.120	645.219	2.800.735	666.667
Götur, holræsi og umferðarmál.....		1.229.151	634.937	240.049	
Almenningsgarðar og útvist.....		804.707		24.691	
Atvinnumál.....		9.456.076	5.381.874	628.666	
Önnur mál.....		761.218			
Rekstur fasteigna.....		3.422.655	2.507.205	802.030	
Áhaldahús.....		925.704	894.082		
Samtals		145.587.194	39.432.832	26.113.361	2.309.667
<b>EIGIN STOFNANIR:</b>					
Félagslegar íbúðir.....		349.546	920.103		
<b>(FJÁRMUNATEKJUR)/FJÁRMAGNSGJÖLD:</b>					
Fjármagnsliðir samkvæmt fjármagnsyfirliti.....		2.066.214			
Áfallnar verðbætur og gengismunur.....		6.229.443			
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga.....	3	( 3.425.720 )			
Samtals	25	4.869.937			
<b>SAMTALS</b> .....		150.806.677	182.385.470	26.113.361	2.309.667
<b>MISMUNUR</b> .....	22	31.578.793			23.803.694
		182.385.470	182.385.470	26.113.361	26.113.361



EIGNFÆRÐ FJÁRFESTING		SAMTALS		FJÁRHAGSÁÆTLUN	
Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
			69.799.005		71.830.000
			10.268.381		9.800.000
			61.965.149		53.717.000
			142.032.535		135.347.000
		17.202.935	1.056.585	16.770.000	1.200.000
		14.932.890	3.718.601	18.021.000	4.710.000
